

## Mikið af nýjungum á Skólavefnum

Þá hefst enn eitt skólaárið og viljum við byrja á því að bjóða ykkur velkomin til starfa og þakka fyrir samstarfið á liðnum árum sem hefur verið mjög ánægjulegt.

Við munum eins og fyrri vetur bjóða upp á mikið af nýju og vönduðu námsefni af ýmsu tagi í ár en hér fyrir neðan má finna stutta umfjöllun um það helsta sem er á döfinni hjá okkur nú á haustdögum.

### a) Málsgreinar og mas – Heildstætt námsefni í íslensku fyrir 3. bekk

### b) Lærum íslensku: Námsefni í íslensku fyrir pólskumælandi nemendur

### c) Málfræðiskammtar Skólavefsins

### d) Fínhyringar – Þjálfunarefni fyrir yngstu nemendurna

### e) Lærðu að teikna

## a) Málsgreinar og mas

*Málsgreinar og mas* er heildstætt námsefni í íslensku, hugsað fyrir 4. bekk og heldur áfram þar sem ritröðinni *Setningar og málsgreinar* sleppir. Efnið er unnið samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla fyrir viðkomandi árgang sem og okkar eigin námskrá sem við tókum saman í íslensku fyrir alla aldurshópa grunnskólans.

Eins og áður leggjum við ríka áherslu á lesskilning og lestur almennt ásamt því sem við förum yfir alla þá þætti sem nemendur 4. bekkjar eiga að kunna skil á. Þá er mikil áhersla lögð á orð og orðskýringar.

Efnið er í þremur bókum sem saman telja um 200 bls., fimmtíu verkefni í hverri bók. Hægt verður að nálgast bækurnar á sérstakri vefsíðu í ólíkum útfærslum. Þá verður hægt að panta útprentaðar bækur frá okkur.

## b) Lærum íslensku – Námsefni í íslensku fyrir pólskumælandi nemendur

Hér er um að ræða 80 blaðsíðna bók þar sem áherslan er á einfalda málfræði og orðaforða. Með þessu efni viljum við á Skólavefnum leggja okkar af mörkum til að gera pólskumælandi nemendum og kennurum þeirra auðveldara fyrir.

Er það okkar einlæga von að efnið geti nýst vel og hver veit nema þá verði hægt að gera eitthvað meira.

# Skólavefurinn.is

Göngum við út frá því að efnið geti nýst nemendum frá 3. bekk og upp úr. Þess vegna má merkja ákveðinn fjölbreytileika í efnisvali en það var gert til að koma til móts við ólíka aldurshópa. Eins og áður sagði er megingilgangur efnisins að auka orðaforða, kynna grunnundirstöðu málfræðinnar auk þess að efla lesskilning. Samfara efninu munum við bjóða upp á gagnvirkt þjálfunarefni á vefnum.

## c) Málfræðiskammtar Skólavefsins

Málfræðiskammtar Skólavefsins eru ætlaðir til kennslu í efri bekkjum grunnskóla (7.–10. bekk). Samtals er um að ræða 80 málfræðiskammta þar sem farið er yfir öll helstu málfræðiatríði sem *Aðalnámskrá* kveður á um.

Efnið verður aðgengilegt í fjórum bókum og í fyrstu bókinni er fjallað um: *nafnorð, lýsingarorð, töluorð, fornöfn, veikar sagnir og sterkar, aðalsagnir og hjálparsagnir*.

Hverjum skammti fylgja verkefni, bæði opnar spurningar og gagnvirkar.

Lausnir við opnu spurningunum má nálgast ásamt vönduðum leiðbeiningum til kennara með því að hafa samband við Skólavefinn.

## d) Fínhyringar – Þjálfunarefni fyrir yngstu nemendurnar

Fínhyringar er efni sem hugsað er fyrir yngstu nemendurnar í upphafi grunnskólans eða lok leikskólans. Handhægt efni sem gott er að grípa til. Við munum nú á haustdögum bjóða upp á fjórar bækur sem hver telur um 12 blaðsíður.

## e) Lærðu að teikna

Lærðu að teikna eru glænýtt efni fyrir yngri nemendur þar sem nemendur fá leiðbeiningar til að teikna alls kyns einfalda hluti.

Rétt er að vekja athygli á því að þetta er einungis brot af því sem komum til með að bjóða upp á í vetur og hvetjum við ykkur að fylgjast vel með á vefnum okkar.